

## **21. Frumvarp**

til laga um atkvæðagreiðslu um nafn Ísafjarðarkaupstaðar.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

### 1. gr.

Laugardaginn fyrstan í vetri lætur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fara fram atkvæðagreiðslu í Ísafjarðarkaupstað um það, hvort staðurinn skuli halda því nafni eða taka upp af nýju hið forna nafn Eyri.

### 2. gr.

Ef Eyri sigrar að atkvæðafjölda, skal það nafn gilda frá 1. janúardegi 1930.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta nægir að vísa til athugasemda, sem fylgja hinu almenna frumvarpi til laga um nöfn bæja og kaupstaða, því er ráðuneytið leggur nú fyrir alþingi. Má þykja vel við eiga, að staðarbúum sje veittur kostur á að minnast þúsund-ára-hátiðar Alþingis þann veg, að þeir fái að taka upp rjett nafn á stað sinn á því ári.